



Global Entrepreneurship Monitor 2007

Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi 2007



Rannsóknarmiðstöð HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum

klak
NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

UM RANNSÓKNINA

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) er alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem á síðastliðnum níu árum hefur staðið fyrir einni umfangsmestu rannsókn á frumkvöðlastarfsemi í heiminum. Með tilkomu GEM-rannsóknarinnar var í fyrsta skipti aflað samanburðarhæfra gagna um frumkvöðlastarfsemi víðsvegar að úr heiminum. Að þessu sinni byggja niðurstöðurnar á gögnum frá 42 löndum en í gegnum tíðina hafa í kringum 50 lönd tekið þátt í rannsókninni.



Háskólinn í Reykjavík hefur tekið þátt í rannsókninni fyrir Íslands hönd frá árinu 2002. Rannsóknarmiðstöð HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum og Klak - Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins sáu um framkvæmd rannsóknarinnar fyrir Íslands árið 2007 með styrk frá Forsætisráðuneytinu.

Hlutverk Rannsóknarmiðstöðar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum er að efla færni til nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi í íslensku atvinnulífi. Í því felst meðal annars að stunda raunrannsóknir á sviði nýsköpunar og frumkvöðlafræða, eiga í samstarfi við rannsakendur sem eru í fremstu röð í rannsóknum á þessu sviði, kynna niðurstöður rannsókna um þetta efni og veita ráðgjöf þeim sem vilja efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Forstöðumaður rannsóknarmiðstöðvarinnar er Dr. Rögnvaldur J. Sæmundsson (rjs@ru.is).

Hlutverk Klaks - Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins er að vera framsækið nýsköpunarhús sem býður upp á aðstöðu, ráðgjöf, tengslanet og nám fyrir frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki. Forstöðumaður Klaks er Dr. Eypór Ívar Jónsson (eythor@klak.is).


Nánari upplýsingar um GEM-rannsóknina, sem og innlendar og erlendar skýrslur, er að finna á vefsvæðinu www.hr.is/gem

UMFANG




- Samkvæmt GEM rannsókninni eru þeir taldir stunda frumkvöðlastarfsemi sem undirbúa stofnun nýrrar viðskiptastarfsemi (viðskiptastarfsemi í undirbúningi) eða hafa stofnað slíka starfsemi á síðustu 42 mánuðum (nýleg viðskiptastarfsemi).
- Frumkvöðlastarfsemi hér á landi er með því mesta sem gerist meðal hátekjulanda. Umfang hennar hefur verið nokkuð stöðugt undanfarin ár og heldur áfram að skera sig úr umfangi annarra Evrópuþjóða.
- Þó svo að enn séu fleiri sem undirbúa viðskiptastarfsemi en þeir sem láta til skara skríða og stofna nýja viðskiptastarfsemi þá hefur dregið saman með hópnum tveimur á síðustu tveimur árum.
- Hlutfall einstaklinga sem hafa lagt niður viðskiptastarfsemi á síðustu 12 mánuðum virðist fylgja hlutfalli þeirra sem nýlega hafa sett á fót viðskiptastarfsemi.


ÞÁTTTAKA




- Hlutfallsleg þátttaka kvenna í frumkvöðlastarfsemi er lægri á Íslandi en í samanburðarlöndunum. Karlar eru rúmlega tvisvar sinnum líklegri til að stunda frumkvöðlastarfsemi en konur.
- Hlutfallsleg þátttaka kvenna minnkaði talsvert á árunum 2005-2006 en virðist hafa gengið til baka árið 2007.



- Einstaklingar í aldurshópnum 55-64 ára eru tvisvar sinnum líklegri til að stunda frumkvöðlastarfsemi en einstaklingar í aldurshópnum 18-24 ára. Þessi munur hefur aukist á síðustu tveimur árum.
- Ólíkt því sem gerist á Íslandi þá er yngra fólk í samanburðarlöndunum líklegra til að stunda frumkvöðlastarfsemi en fólk í eldri aldurshópnum.




- Á Íslandi eru háskólamenntaðir einstaklingar nálægt því að vera jafn líklegir til að stunda frumkvöðlastarfsemi og þeir sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi. Hlutfallið er svipað og í Bandaríkjunum.
- Innan Evrópusambandsins eru háskólamenntaðir einstaklingar nærri því að vera tvisvar sinnum líklegri til að stunda frumkvöðlastarfsemi en þeir sem aðeins hafa grunnskólamenntun.




- Íbúar utan höfuðborgarsvæðisins eru jafn líklegir og íbúar á höfuðborgarsvæðinu til að stunda frumkvöðlastarfsemi.


EINKENNI




- Á Íslandi telja um 15% frumkvöðla að vörur þeirra og þjónusta sé ný og framandi fyrir alla viðskiptavinum. Hlutfallið er svipað í samanburðarlöndunum.



- Á Íslandi telja rúmlega 10% frumkvöðla að vörur þeirra og þjónusta byggji á tækni og aðferðum sem ekki voru til fyrir einu ári síðan. Hlutfallið er svipað í samanburðarlöndunum.




- Vaxandi hlutfall frumkvöðla á Íslandi selur vörur og þjónustu að mestu leyti til erlendra viðskiptavina. Hlutfallið hefur breyst úr 10% árið 2002 í 15% árið 2007.
- Frumkvöðlar á Íslandi byggja starfsemi sína í meira mæli á erlendum viðskiptavinum en frumkvöðlar í samanburðarlöndunum.




- Á Íslandi gera tæplega 20% frumkvöðla ráð fyrir því að hafa fleiri en 20 starfsmenn á sínum snærum að fimm árum liðnum. Hlutfallið hér á landi er hærra en í samanburðarlöndunum.
- Samtímis því að væntingar um fjölda starfsmanna hafa farið minnkandi í samanburðarlöndunum, þá hafa þær staðið í stað eða aukist lífillega á Íslandi.

FÆRNI OG TÆKIFÆRI



- Á Íslandi töldu um 70% þjóðarinnar á aldrinum 18-64 ára mörg tækifæri til að stofna ný fyrirtæki á seinni hluta ársins 2007. Þessar væntingar hafa farið sívaxandi frá árinu 2002.
- Ólíkt væntingum um fjölda tækifæra á Íslandi þá hafa væntingar í samanburðarlöndunum vaxið mun minna eða jafnvel minnkað.



- Tæplega helmingur Íslendinga á aldrinum 18-64 telur sig hafa þekkingu og reynslu til að stofna og reka fyrirtæki. Hlutfallið er álíka hátt og undanfarin ár.
- Síðustu ár hefur munur á milli samanburðarlandanna minnkað og er hann nær enginn árið 2007.

UMHVERFI

- Að mati sérfræðinga hafa litlar breytingar orðið á umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi milli árunna 2006 og 2007. Telja þeir sömu atriði styðja og hindra frumkvöðlastarfsemi hér á landi og undanfarin ár.
- Í samanburði við önnur hátekjulönd eru menningarlegar og samfélagslegar venjur, ásamt inngöngu- og samkeppnisaðstæðum, helsti styrkur umhverfisins á Íslandi. Í þessum samanburði er fjármagnsstuðningur við frumkvöðlastarfsemi helsti veikleikinn.

- Menntun og þjálfun frumkvöðla telst ekki styrkja umhverfi til frumkvöðlastarfsemi í neinu hátekjulandi. Auk þess tekst fáum löndum að styrkja umhverfið með útbreiðslu rannsóknar- og þróunarstarfs. Með góðum árangri á þessum tveimur sviðum geta Íslendingar skapað sér mikilvæga sérstöðu.

Fjöldi hátekjulanda sem sögðu viðkomandi grunnskilyrði styðja við frumkvöðlastarfsemi í landi þeirra árið 2007

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	
Aðgangur að grunnaðstöðu	3.7	4.3	4.4	4.3	4.5	4.3	17 af 18
Menningarlegar og samfélagslegar venjur	3.7	3.7	3.7	3.9	4.0	4.0	7 af 18
Stefna hins opinbera	3.1	3.2	3.3	3.3	3.6	3.5	9 af 18
Grunnstöðir viðskiptalífsins	3.0	3.3	3.1	3.3	3.5	3.5	18 af 18
Inngöngu- og samkeppnisaðstæður	3.2	3.0	3.0	3.3	3.3	3.2	5 af 18
Verkefni á vegum hins opinbera	2.5	2.4	2.5	2.7	2.7	2.8	9 af 18
Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs	2.6	2.5	2.6	2.7	2.6	2.8	5 af 18
Fjármagnsstuðningur	2.6	1.9	2.5	2.6	2.6	2.7	10 af 18
Menntun og þjálfun	2.4	2.5	2.6	2.8	2.7	2.6	0 af 18

Grunnskilyrði sem styðja frumkvöðlastarfsemi á Íslandi
Grunnskilyrði sem hindrar frumkvöðlastarfsemi á Íslandi



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

klak

NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
Kringlan 1, 103 Reykjavík
Höfðabakki 9, 110 Reykjavík
Sími: 599 6200
www.hr.is